



FERÐAÞJÓNUSTA Á ÍSLANDI Í TÖLUM

JÚNÍ 2017



FERÐAÞJÓNUSTA Á ÍSLANDI Í TÖLUM EFNISYFIRLIT

	BLS.
HAGTÖLUR Í ÍSLENSKRI FERÐAÞJÓNUSTU	2
ERLEND KORTAVELTA	4
FERÐAMENN OG SKIPAFARÞEGAR 2010-2016	5
ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI 2014-2016	6
ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR MÁNUÐUM	7
ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR ÁRSTÍÐUM	8
ÞJÓÐERNI UM KEFLAVÍKUR-FLUGVÖLL 2016/2015	9
MARKAÐSSVÆÐI UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL 2012-16	10
BROTTFARIR UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL 2016	11
GISTINÆTUR - ALLIR GISTISTAÐIR	12
GISTINÆTUR EFTIR LANDSHLUTUM 2016/2015	13
FRAMBOÐ OG NÝTING HERBERGJA	14
GISTINÆTUR EFTIR TEGUND GISTINGAR	15
ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI 2015-2016	16
FERÐALÖG ÍSLENDINGA 2016 VS. 2015/2014	22

GERÐ SAMANTEKTAR: ODDNÝ ÞÓRA ÓLADÓTTIR

FORSÍÐUMYND: RAGNAR TH. SIGURÐSSON

HAGTÖLUR Í ÍSLENSKRI FERÐAÞJÓNUSTU

HLUTUR FERÐAÞJÓNUSTU Í GJALDEYRISTEKJUM


Hlutur ferðaþjónustu í gjaldeyristekjum hefur vaxið úr 23,7% í 39,2% á árunum 2012-2016 skv. mælingum Hagstofu Íslands um útflutning vöru og þjónustu.

	Útflutningur vöru og þjónustu (milljónir kr.)	Ferðaþjónusta* (milljónir kr.)	Hlutfall ferðaþjónustu
2012	1.012.182	239.544	23,7%
2013	1.047.908	276.634	26,4%
2014	1.068.320	304.637	28,5%
2015	1.188.744	369.536	31,1%
2016	1.189.270	466.287	39,2%

*Heildarumsvif íslenskra fyrirtækja með starfsemi innanlands og utan.

Ferðaþjónusta aflaði meiri gjaldeyristekna en sjávarafurðir, ál og álafurðir á árunum 2014-2016.

ÚTFLUTNINGUR VÖRU OG ÞJÓNUSTU



NEYSLA ERLENDRA FERÐAMANNA¹


Tekjur af erlendum ferðamönnum innanlands námu 263,2 milljörðum árið 2015 eða 65,9 fleiri milljörðum en árið 2014. Tekjuaukning milli ára var um 33,4%.

	Ferðamenn alls	Ferðamenn (næturgestir)	Skemmtiferðaskipafarþegar
2012	137.456,5	135.640,7	1.815,8
2013	165.850,0	163.873,3	1.976,8
2014	197.267,5	195.141,4	2.126,1
2015	263.213,5	260.827,4	2.386,1

¹Á verðlagi hvers árs fyrir sig.

Ferðaþjónustureikningur Hagstofu Íslands fyrir árið 2015 sundurliðar neyslu ferðamanna eftir atvinnugreinum. Tæplega þriðjung neyslu eða 81,7 milljarða má rekja til gisti- og veitingaþjónustu, 22% eða 55,7 milljarða til farþegaflutninga með flugi, 15% eða 38,6 milljarða til farþegaflutninga á landi og sjó, 12% eða 31,1 milljarða til ferðaskrifstofa, 14% eða 37,9 milljarða til ýmiss konar verslunar og 6% eða 16 milljarða í annað.

NEYSLA EFTIR ATVINNUGREINUM




Heimild: Hagstofa Íslands.

STÖRF Í FERÐAÞJÓNUSTUTENGNUM GREINUM

Heildarfjöldi starfandi í ferðaþjónustutengnum greinum var 19.500 í janúar 2016, eða þann mánuð þegar fæstir voru að störfum, og 28.900 í ágúst 2016 þegar flestir voru að störfum. Flestir launþegar störfuðu á gististöðum og við veitingasölu eða 13.200 í janúar og 18.100 í ágúst. Hlutfallsaukning launþega var hins vegar mest hjá ferðaskrifstofum, ferðaskipuleggjendum, bóknarþjónustu og greinum sem flokkast undir annað. Frá 2012 hefur fjöldi launþega í ferðaþjónustutengnum greinum fjölgað um meira en 60% á ársgrunni.

FJÖLDI LAUNÞEGA Í EINKENNANDI ATVINNUGREINUM FERÐAÞJÓNUSTU



VELTA Í EINKENNANDI ATVINNUGREINUM FERÐAÞJÓNUSTU

Heildarveltan í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustu jókst um 19% milli ára að jafnaði á árunum 2012-2016. Mest var aukningin frá 2015-2016 eða um 41%. Hlutfallslega jókst veltan mest í rekstri gista- staða og í leigu á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum eða um 25% milli ára að jafnaði. Veltan jókst um 15% milli ára að jafnaði í veitingasölu og þjónustu og um 7% í farþegaflutningum með flugi. Varðandi samanburð á veltutölum ferðaskrifstofa og farþegaflutninga ber að taka mið af því að sú starfsemi var undanþegin virðisaukaskatti fram í ársbyrjun 2016.

	Velta (milljónir króna)				
	2012	2013	2014	2015	2016
Heildarvelta	301.582	334.750	360.484	420.059	591.454
Farþegaflutningar með flugi	196.824	211.390	214.723	242.701	258.511
Rekstur gista- staða	33.662	41.624	51.422	61.878	83.758
Veitingasala/ þjónusta	48.600	55.080	61.853	72.157	86.327
Leiga á bifreiðum og ökutækjum	18.045	21.583	26.336	35.273	45.279
Ferðaskr.st./ferðask.l. bóknarþjónusta ¹	3.773	4.502	5.523	7.323	95.979
Farþegaflutningar á landi ¹	679	571	628	727	21.600


¹ Í ársbyrjun 2016 tóku gildi breytingar á lögum um virðisaukaskatt og urðu farþegaflutningar aðrir en áætlunarflutningar og þjónusta ferðaskrifstofa þá virðisaukaskattsskyldar en áður voru þær undanþegnar.

Heimild: Hagstofa Íslands.

ERLEND KORTAVELTA


Erlend kortavelta á Íslandi hefur meira en þrefaldast á árunum 2012-2016. Á árinu 2016 var kortaveltan um 232 ma.kr., 50,2% meiri en árið 2015 þegar kortaveltan var um 154 ma.kr. Kortaveltan jókst um 21,3% milli ára 2012-13, um 24,6% milli ára 2013-2014 og um 37,6% milli ára 2014-2015.

HEILDARÚTTEKT Á ERLEND DEBET- OG KREDITKORT
(MILLJÓNIR KR.)



Erlend kortavelta hefur verið mest að sumri til en hlutdeild sumarsins í kortaveltu hefur lækkað jafnt og þétt í samræmi við aukningu ferðamanna utan sumarmánuða. Um 47% erlendar kortaveltu var að sumri til 2012 en árið 2016 var hún komin í 38,2% að sumri.


KORTAVELTA EFTIR MÁNUÐUM (MILLJÓNIR KR.)



ERLEND KORTAVELTA EFTIR ÚTGJALDALIÐUM

Tæplega þriðjungur (29,5%) af erlendra kortaveltu rann til gisti- og veitingaþjónustu árið 2016, 17,3% til farþegaflutninga og 11,6% til ýmissar þjónustu tengdri farþegaflutningum og til bensínafgreiðslna, viðgerða- og viðhaldsþjónustu. Um 14,5% fóru í ýmiss konar ferðaþjónustu, 13% í verslun, 2,4% í menningar, afþreyingar og tómsundastarfsemi og 5,5% í aðra þætti í tengslum við ferðaþjónustu. Úttektir á reiðufé voru 6,7% af kortaveltu.

KORTAVELTA EFTIR ÚTGJALDALIÐUM (MILLJÓNIR KR.)*



*Gögnin um kortaveltu eftir útgjaldaliðum innihalda alla greiðslunotkun, debet- og kreditkorta. Kortavelta útlendinga sem kaupa farmiða eða pakkaferðir til Íslands frá heimalandi sínu er ekki meðtalin nema kortaveltan fari í gegnum íslenska færsluhirða.

Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar.

FERÐAMENN OG SKIPAFARÞEGAR 2010-2016


ERLENDIR FERÐAMENN TIL ÍSLANDS

Fjöldi erlendra ferðamanna hefur nærri fjórfaldast frá árinu 2010. Árleg aukning hefur verið að jafnaði 24,4% milli ára frá árinu 2010. Aukningin var mest frá 2015 til 2016 eða 39,0%.

Fjöldi ferðamanna		Aukning milli ára	
2010	488.600	2010-11	15,7%
2011	565.600	2011-12	18,9%
2012	672.800	2012-13	20,0%
2013	807.300	2013-14	23,5%
2014	997.300	2014-15	29,2%
2015	1.289.100	2015-16	39,0%
2016	1.792.200	2010-16*	24,4%

*Árleg aukning að jafnaði

FJÖLDI ERLENDRA FERÐAMANNA TIL ÍSLANDS 2010-2016



Heimildir: Ferðamálastofa, Austfar, Isavia og Flugfélag Íslands.


FARÞEGAR MEÐ SKEMMTIFERÐASKIPUM*

Frá árinu 2010 hefur farþegum til landsins með skemmtiferðaskipum fjölgað nokkuð, úr um 72 þúsund árið 2010 í um 101 þúsund farþega árið 2016. Aukningin hefur verið að jafnaði 7,3% milli ára. Um 97% skemmtiferðaskipa hafa viðkomu í Reykjavík en mörg skip hafa viðvöl í fleiri en einni höfn.

	2014		2015		2016	
	Farþegar	Skipakomur	Farþegar	Skipakomur	Farþegar	Skipakomur
Reykjavík	104.800	91	100.100	108	98.700	113
Akureyri	72.700	78	72.150	86	85.400	93
Ísafjörður	40.300	45	54.000	64	73.803	82
Seyðisfjörður	6.700	10	19.100	28	16.100	32
Vestmannaeyjar	8.200	22	8.000	31	11.400	41
Grundarfjörður ¹	5.400	19	12.600	28	11.100	28

¹Árið 2016 komu 4.900 farþegar til Djúpavogs, 4.700 til Húsavíkur, 3.900 til Hafnarfjarðar, 3.200 til Siglufjarðar, 2.200 til Eskifjarðar, 2.000 til Stykkishólms og 1.900 til Grímseyjar.

FJÖLDI FARÞEGA MEÐ SKEMMTIFERÐASKIPUM TIL REYKJAVÍKUR 2010-2016



Heimildir: Faxaflóahafnir og aðrar hafnir landsins.

*Skemmtiskipafarþegar eru skilgreindir sem dagsferðagestir þar sem þeir dvelja ekki næturlangt í landinu og eru þeir taldir sérstaklega.

ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI 2014-2016

Heildarfjöldi erlendra ferðamanna var tæplega 1,8 milljónir árið 2016 og er um að ræða 39% aukningu frá 2015 en þá voru erlendir ferðamenn tæplega 1,3 milljónir.

Tæplega 1,8 milljónir ferðamanna komu með flugi um Keflavíkurflugvöll eða 98,7% af heildarfjölda ferðamanna. Tæplega 20 þúsund komu með Norrænu um Seyðisfjörð eða 1,1% af heild og um 3.800 þúsund með flugi um Reykjavíkur- eða Akureyrarflugvöll eða um 0,2% af heild. Gera verður ráð fyrir frávikum í talningum á Keflavíkurflugvelli þar sem þær ná til allra brottfara þ.m.t. erlendra ríkisborgara búsettra hérlendis.

FERÐAMENN EFTIR KOMUSTÖÐUM

	2014	2015	2016	Breyting milli ára	
				14/15	15/16
Keflavíkurflugvöllur	969.181	1.261.938	1.767.726	30,2%	40,1%
Seyðisfjörður	18.115	18.540	19.795	2,3%	6,8%
Aðrir flugvellir	10.048	8.661	4.680	-13,8%	-46,0%
Samtals	997.344	1.289.139	1.792.201	29,2%	39,0%

Heimildir:

- Ferðamálastofa telur ferðamenn við brottför á Keflavíkurflugvelli eftir þjóðernum og eru niðurstöður birtar mánaðarlega á [vef Ferðamálastofu](#).
- Austfar áætla fjölda ferðamanna með Norrænu út frá sölutölum.
- Isavia og Flugfélag Íslands áætla ferðamannafjölda um aðra flugvelli en Keflavíkurflugvöll út frá farþega- og sölutölum.

BROTTFARIR UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL

Eftir þjóðernum

	2014	2015	2016	14/15	15/16
Bandaríkin	152.104	242.805	415.287	59,6%	71,0%
Bretland	180.503	241.024	316.395	33,5%	31,3%
Danmörk	48.237	49.225	49.951	2,0%	1,5%
Finnland	15.415	16.021	19.895	3,9%	24,2%
Frakkland	58.293	65.822	85.221	12,9%	29,5%
Holland	26.222	29.546	39.098	12,7%	32,3%
Ítalía	19.870	23.817	31.573	19,9%	32,6%
Japan	13.340	16.547	22.371	24,0%	35,2%
Kanada	38.790	46.654	83.144	20,3%	78,2%
Kína	26.037	47.643	66.781	83,0%	40,2%
Noregur	53.647	51.402	51.012	-4,2%	-0,8%
Spánn	20.932	27.166	39.183	29,8%	44,2%
Sviss	19.315	25.935	28.682	34,3%	10,6%
Svíþjóð	40.992	43.096	54.515	5,1%	26,5%
Þýskaland	85.915	103.384	132.789	20,3%	28,4%
Annað	169.569	231.851	331.829	36,7%	43,1%
Samtals	969.181	1.261.938	1.767.726	30,2%	40,1%

Eftir mörkuðum

	2014	2015	2016	14/15	15/16
Norðurlönd	158.291	159.744	175.373	0,9%	9,8%
Bretland	180.503	241.024	316.395	33,5%	31,5%
Mið-/S-Evrópa	230.547	275.670	356.546	19,6%	29,3%
N-Ameríka	190.894	289.459	498.431	51,6%	72,2%
Annað	208.946	296.014	420.981	41,7%	42,2%
Samtals	969.181	1.261.938	1.767.726	30,2%	40,1%

FARÞEGAR MEÐ NORRÆNU


	2014	2015	2016	14/15	15/16
Norðurlönd	5.340	4.806	2.512	-10,0%	-47,7%
Þýskaland	7.705	8.489	9.959	10,2%	17,3%
Mið-/S-Evrópa*	3.314	3.431	3.815	3,5%	11,2%
Annað	1.756	1.814	3.509	3,3%	93,4%
Samtals	18.115	18.540	19.795	2,3%	6,8%

*Holland, Belgía, Austurríki, Sviss, Frakkland, Spánn og Ítalía


ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR MÁNUÐUM

Síðustu þrjú ár hefur fjölgun ferðamanna verið hlutfallslega meiri að vetri til en að vori, sumri og hausti. Fjöldamet voru slegin í öllum mánuðum ársins 2015 og 2016 í samanburði við sömu mánuði árin á undan. Fjölgunin fór yfir 30% sjö mánuði milli ára 2014-2015 og tíu mánuði milli ára 2015-2016 en mest var fjölgunin milli ára 2015-2016 í október, nóvember og desember en þá fór hún yfir 60%.

FERÐAMENN UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL ('000)




AUKNING (%) FERÐAMANNA UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL MILLI ÁRA 2014-2016



FERÐAMENN EFTIR MARKAÐSSVÆÐUM

Ferðamenn frá einstökum markaðssvæðum dreifðust nokkuð ólíkt yfir árið 2016. Þannig voru ferðamenn frá Mið- og Suður Evrópu áberandi yfir sumarmánuðina á meðan Norðurlandabúar, Norður-Ameríkanar og ferðamenn frá löndum sem flokkast undir annað dreifðust talsvert jafnar yfir árið. Bretar skera sig hins vegar úr en ríflega helmingur þeirra kom yfir vetrarmánuðina.

FERÐAMENN UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL EFTIR MARKAÐSSVÆÐUM 2016



Heimild: Ferðamálastofa.

ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR ÁRSTÍÐUM


FERÐAMENN 2014 - 2016

Um 38% ferðamanna á árinu 2016 komu yfir sumarmánuðina en hlutfall sumargesta af heild var hærra 2014 (42,2%) og 2015 (40,2%). Tæplega þriðjungur kom að vori eða hausti og tæplega þriðjungur að vetri árið 2016. Hlutdeild vetrargesta hefur hækkað með árunum og hið sama má segja um hlutdeild ferðamanna að vori og hausti.

	2014		2015		2016	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Vetur	279.798	28,9	369.558	29,3	550.612	31,1
Vor	125.938	13,0	162.631	12,9	219.124	12,4
Sumar	408.640	42,2	507.423	40,2	664.113	37,6
Haust	154.805	16,0	222.326	17,6	333.877	18,9
Samtals	969.181	100	1.261.938	100	1.767.726	100

Vetur: janúar-mars/nóv.-des, vor: apríl-maí, sumar: júní-ágúst, haust: sept.-okt.

FERÐAMENN EFTIR ÁRSTÍÐUM




FERÐAMENN EFTIR MARKAÐSSVÆÐUM 2016

Um 53% Mið- og S-Evrópubúa komu að sumri til árið 2016, um 42% N-Ameríkana, um 38% Norðurlandabúa, um 16% Breta og um 35% þeirra sem flokkast undir „annað“. Um 40% Norðurlandabúa komu að vori eða hausti, um 28% Breta og um 23% N-Ameríkana. Ríflega helmingur (56%) Breta kom að vetri, um fimmtungur Norðurlandabúa, fjórðungur N-Ameríkana, fimmtungur Mið- og S-Evrópubúa og þriðjungur þeirra sem flokkast undir „annað“.

	Vetur		Vor		Sumar		Haust		Samtals
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi
Norðurl.	38.403	21,9	32.576	18,6	67.189	38,3	37.205	21,2	175.373
Bretland	177.157	56,0	39.850	12,6	51.909	16,4	47.479	15,0	316.395
Mið-/S-Evr.	68.587	19,2	36.447	10,2	187.920	52,7	63.592	17,8	356.546
N-Ameríka	124.411	25,0	62.710	12,6	210.388	42,2	100.922	20,2	498.431
Annað	142.054	33,7	47.541	11,3	146.707	34,8	84.679	20,1	420.981
Samtals	550.612	31,1	219.124	12,4	664.113	37,6	333.877	18,9	1.767.726

FERÐAMENN EFTIR MARKAÐSSVÆÐUM 2016 ('000)



Heimild: Ferðamálastofa.


ÞJÓÐERNI UM KEFLAVÍKUR- FLUGVÖLL 2016/2015

VETUR: Um 551 þúsund ferðamenn komu að vetri til 2016, 49% fleiri en að vetri til 2015. Af einstaka þjóðum komu flestir frá Bretlandi (32,2%) og Bandaríkjunum (19,9%). Ferðamenn frá Kína (4,3%), Þýskalandi (4,2%), Frakklandi (3,3%), Kanada (2,7%), Japan (2,2%), Noregi (2,1%), Danmörku (2,1%) og Svíþjóð (2,1%) fylgdu þar á eftir en samanlagt voru þessar tíu þjóðir 75,1% ferðamanna að vetrarlagi 2016.


VOR/HAUST: 553 þúsund ferðamenn komu að vori og hausti til árið 2016, 43,7% fleiri en 2015. Flestir komu frá Bandaríkjunum (24,0%) og Bretlandi (15,8%). Ferðamenn frá Þýskalandi (7,3%), Kanada (5,6%), Frakklandi (4,0%), Noregi (4,0%), Svíþjóð (3,6%), Danmörku (3,5%), Kína (3,1%) og Póllandi (2,3%) fylgdu þar á eftir en samanlagt voru þessar tíu þjóðir 73,2% ferðamanna að vori og hausti 2016.

SUMAR: Um 664 þúsund ferðamenn komu að sumri til árið 2016, 30,9% fleiri en sumarið 2015. Flestir sumargesta 2016 komu frá Bandaríkjunum (26,1%), Þýskalandi (10,5%), Bretlandi (7,8%), Frakklandi (6,7%), Kanada (5,6%), Kína (3,9%), Svíþjóð (3,5%), Spáni (3,1%), Ítalíu (3,0%) og Danmörku (2,9%) en samanlagt voru þessar tíu þjóðir 73,2% ferðamanna sumarið 2016.


FJÖLDI FERÐAMANNA AÐ VETRI ('000)



FJÖLDI FERÐAMANNA AÐ VORI/HAUSTI ('000)



FJÖLDI FERÐAMANNA AÐ SUMRI ('000)



Heimild: Ferðamálastofa.

MARKAÐSSVÆÐI UM KEFLA-VÍKURFLUGVÖLL 2012-16


VETUR: Ferðamenn að vetri til voru fjórfalt fleiri árið 2016 en þeir mældust árið 2012. Fjölgun á milli ára hefur verið að jafnaði 38% frá 2012. Bretar voru um þriðjungur ferðamanna að vetri árið 2016 og N-Ameríkanar tæplega fimmtungur en þessum tveimur markaðssvæðum ásamt þeim sem flokkast undir „annað“ hefur fjölgað hlutfallslega mest frá árinu 2012.

VOR/HAUST: Ferðamenn að vori/hausti hafa farið úr 192 þús. árið 2010 í 553 þús. árið 2016 og er um að ræða nærri þreföldun. Fjölgun á tímabilinu hefur verið að jafnaði 30,6% milli ára. Framan af voru Norðurlöndin stærsta markaðssvæðið með um fjórðungs hlutdeild en árið 2016 var hlutdeild N-Ameríkana orðin mest eða um 30%. Hlutdeild þeirra sem flokkast undir „annað,“var orðinn fjórðungur 2016.


SUMAR: Fjöldi ferðamanna að sumri hefur meira en tvöfaldast frá 2012 og hefur farið úr um 301 þús. árið 2012 í um 664 þús. árið 2016. Fjölgun milli ára hefur verið að jafnaði 22%. N-Ameríkanar voru stærsta markaðssvæðið sumarið 2016 eða 31,7% af heild en hlutdeild þeirra hefur stækkað ár frá ári og hafa þeir tekið við af Mið- og S- Evrópubúum sem hafa lengst af verið fjölmennastir að sumri.

Heimild: Ferðamálastofa.


VETUR



VOR/HAUST



SUMAR



— Norðurlönd — Bretland — Mið-/S-Evrópa — N-Ameríka — Annað

BROTTFARIR UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL 2016

Eftir þjóðernum	Samtals	Eftir árstíðum*				Eftir mánuðum											
		Vetur	Vor	Sumar	Haust	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Bandaríkin	415.287	60.340	31.137	107.234	44.094	14.428	16.339	23.587	20.186	32.563	55.510	60.607	59.924	45.378	34.756	30.580	24.429
Bretland	316.395	132.296	29.647	42.203	36.878	27.521	43.123	36.530	23.990	15.860	16.189	18.165	17.558	16.274	31.205	36.594	33.389
Danmörk	49.951	12.246	8.348	18.803	9.828	2.063	1.761	3.265	3.955	4.519	4.560	8.982	5.792	5.308	5.362	2.588	1.796
Finnland	19.895	3.271	3.275	5.986	3.489	498	551	1.125	1.300	2.595	2.576	2.578	1.933	2.150	2.897	905	787
Frakkland	85.221	14.749	7.545	35.521	8.007	2.518	3.596	4.483	4.170	5.629	9.234	14.508	20.844	7.213	5.318	3.884	3.824
Holland	39.098	7.500	3.609	13.607	4.830	1.346	2.012	2.212	1.680	3.437	3.971	5.900	6.596	3.737	3.468	2.471	2.268
Ítalía	31.573	2.969	2.137	15.801	2.910	556	630	1.110	1.023	1.196	3.158	5.439	11.424	2.868	1.467	1.560	1.142
Japan	22.371	8.858	1.229	2.513	3.947	1.800	2.688	2.597	555	737	835	1.028	1.869	3.059	2.377	2.406	2.420
Kanada	83.144	9.053	6.902	20.370	10.329	1.569	1.611	2.601	2.540	7.421	13.087	12.305	11.955	10.845	9.943	5.465	3.802
Kína	66.781	12.368	3.984	22.545	8.746	3.322	4.452	3.382	2.005	2.475	7.850	8.328	9.938	6.118	6.474	2.935	9.448
Noregur	51.012	11.967	10.818	16.847	11.770	1.940	2.238	2.996	4.476	6.475	5.643	6.276	5.591	5.114	5.838	2.804	1.621
Pólland	39.613	6.384	3.366	12.479	4.850	1.171	1.153	1.490	2.055	3.326	5.210	6.101	4.525	3.819	3.412	2.867	4.484
Rússland	6.320	1.031	581	2.426	839	220	132	142	200	475	803	1.104	1.372	633	467	487	285
Spánn	39.183	3.065	2.871	16.244	4.986	782	573	1.663	980	1.538	2.887	6.882	11.010	5.153	2.652	2.423	2.640
Sviss	28.682	4.042	2.454	15.014	4.425	554	949	1.158	1.244	1.591	3.213	7.256	6.090	2.879	2.508	660	580
Svíþjóð	54.515	9.896	8.470	16.547	8.183	1.738	1.720	2.652	3.187	6.069	6.750	9.073	7.435	5.791	4.745	3.507	1.848
Þýskaland	132.789	16.649	10.493	57.741	18.501	3.268	3.733	6.099	4.318	9.641	17.433	25.203	26.872	16.849	9.480	5.864	4.029
Annað	285.896	52.874	25.765	85.542	35.714	12.265	13.481	18.716	17.011	18.702	27.629	36.230	33.831	32.147	26.173	23.723	25.988
Samtals	1.767.726	369.558	162.631	507.423	222.326	77.559	100.742	115.808	94.875	124.249	186.538	236.016	241.559	175.335	158.542	131.723	124.780

Eftir mörkuðum	Samtals	Eftir árstíðum*				Eftir mánuðum											
		Vetur	Vor	Sumar	Haust	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Norðurlönd	175.373	37.380	30.911	58.183	33.270	6.239	6.270	10.038	12.918	19.658	19.529	26.909	20.751	18.363	18.842	9.804	6.052
Bretland	316.395	132.296	29.647	42.203	36.878	27.521	43.123	36.530	23.990	15.860	16.189	18.162	17.558	16.274	31.205	36.594	33.389
Mið-/S-Evrópa	356.546	48.974	29.109	153.928	43.659	9.024	11.493	16.725	13.415	23.032	39.896	65.188	82.836	38.699	24.893	16.862	14.483
N-Ameríka	498.431	69.393	38.039	127.604	54.423	15.997	17.950	26.188	22.726	39.984	68.597	72.912	68.879	56.223	44.699	36.045	28.231
Annað	420.981	81.515	34.925	125.505	54.096	18.778	21.906	26.327	21.826	25.715	42.327	52.845	51.535	45.776	38.903	32.418	42.625
Samtals	1.767.726	369.558	162.631	507.423	222.326	77.559	100.742	115.808	94.875	124.249	186.538	236.016	241.559	175.335	158.542	131.723	124.780

* Vetur: janúar-mars/nóvember-desember, vor: apríl-maí, sumar: júní-ágúst, haust: september-október.

Heimild: Ferðamálastofa.

GISTINÆTUR - ALLIR GISTISTADIR*


Heildarfjöldi skráðra gistinotta á Íslandi var um 7,8 milljón árið 2016. Gistinætur erlendra gesta voru tæplega 6,8 milljónir árið 2016 og hefur aukning þeirra verið að jafnaði 21,2% milli ára frá árinu 2010. Gistinætur Íslendinga voru um ein milljón árið 2016 og hefur þeim fjölgað um 4,1% milli ára að jafnaði frá árinu 2010.

GISTINÆTUR EFTIR ÁRSTÍÐUM


46,5% skráðra gistinotta árið 2016 voru að sumarlagi, 27,9% að vori eða hausti og 25,7% að vetri til. Um 3,9 milljónum gistinotta var eytt á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum árið 2016 eða um helmingi heildargistinotta, þar af 37,0% að vetri, 32,5% að sumri og 30,5% að vori eða hausti. Um helmingi (50,1%) gistinotta eða um 3,9 milljónum talsins var eytt í öðrum landshlutum, þar af 60,3% að sumarlagi, 25,3% að vori eða hausti og 14,4% að vetri.

*Samantekt um gistinætur tekur mið af gistinottum sem skráðar eru í talnagrunni Hagstofu Íslands og tekur ekki til óskráðra gistinotta sem Hagstofan áætlaði um milljón talsins árið 2016.

HEILDARFJÖLDI SKRÁÐRA GISTINÓTTA 2010-2016 ('000)



SKRÁÐAR GISTINÆTUR 2014-2016 ('000) EFTIR ÁRSTÍÐUM




GISTINÆTUR EFTIR LANDS- HLUTUM 2016/2015

VETUR: Um tveimur milljónum gistinótta var eytt að vetri til árið 2016 eða 37% fleiri en árið 2015. Um 75% gistinótta eða 1,4 milljónum var eytt á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, þar af voru gistinætur útlendinga 92%. Utan höfuðborgarsvæðis voru flestar gistinætur á Suðurlandi eða 15,2% talsins.


VOR/HAUST: Tæplega 2,2 milljónum gistinótta var eytt að vori og hausti árið 2016, eða 28,8% fleiri en á sama tímabili 2015. Um 54,5% gistinótta voru á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, 22,2% á Suðurlandi, 12,1% á Norðurlandi, 7,5% á Vesturlandi og Vestfjörðum og 3,7% á Austurlandi. Hlutfall útlendinga í heildarfjölda gistinótta að vori og hausti nam 87,4% árið 2016.

SUMAR: Um 3,6 milljónum gistinótta var eytt að sumri til á landinu árið 2016 eða um 9,5% fleiri en sumarið 2015. Um 35% gistinótta var eytt á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum árið 2016, 26,1% á Suðurlandi, 18,5% á Norðurlandi, 13,1% á Vesturlandi og Vestfjörðum og 7,5% á Austurlandi. Gistinætur útlendinga voru 85,3% af heildarfjölda gistinótta á landinu sumarið 2016.


VETUR ('000)



VOR/HAUST ('000)



SUMAR ('000)



Heimild: Hagstofa Íslands.

FRAMBOÐ OG NÝTING HERBERGJA



FRAMBOÐ HERBERGJA Á HÓTELUM OG GISTIHEIMILUM

Árið 2016 voru í boði 14.787 herbergi á 470 hótélum, hótélíbúðum og gistiheimilum á landinu í júlí, þar af voru 39,8% á höfuðborgarsvæðinu. Framboð herbergja á landinu í júlí árið 2016 var 4,3% hærra en árið 2015.

	2015		2016		Breyting milli ára 2015-16
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Höfuðborgarsvæði	5.223	36,8%	5.881	39,8%	12,6%
Suðurnes	679	4,8%	682	4,6%	0,4%
Vesturland	995	7,0%	1.023	6,9%	2,8%
Vestfirðir	615	4,3%	616	4,2%	0,2%
Norðurland vestra	642	4,5%	607	4,1%	-5,5%
Norðurland eystra	1.864	13,1%	1.926	13,0%	3,3%
Austurland	951	6,7%	883	6,0%	-7,1%
Suðurland	3.211	22,6%	3.169	21,4%	-1,3%
Samtals	14.180	100,0%	14.787	100,0%	4,3%

Herbergjum á hótélum og gistiheimilum á landinu öllu hefur fjölgað um 51,2% frá árinu 2010 eða um 5.012 herbergi. Mest hefur fjölgunin verið á höfuðborgarsvæðinu en þar hafa bæst við 2.164 herbergi frá árinu 2010.

Hlutfallslega hefur herbergjum hins vegar fjölgað mest á Suðurnesjum frá 2010 en fjöldinn hefur nærri tvöfaldast. Næstmest fjölgun hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu eða 58,2% og á Suðurlandi eða 48,4%.



Frá árinu 2016 var byrjað að flokka gistináttatölur fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð með Suðurlandi í stað

NÝTING HERBERGJA Á HÓTELUM (%)

Herbergjanýting á landsvísu á heilsárs-hótélum var 71,2% árið 2016 og hefur hún aukist um 51,8% frá árinu 2010 en þá var herbergjanýting 46,9%.

Árið 2016 var nýtingin best á höfuðborgarsvæðinu eða 85,5% og næstbest á Suðurnesjum eða 72,7%.

NÝTING HÓTELHERBERGJA 2015



Herbergjanýting jókst milli ára 2015 til 2016, ellefu mánuði ársins á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi og Suðurlandi, níu mánuði ársins á Suðurnesjum og á Vesturlandi og Vestfirðum og átta mánuði ársins á Austurlandi.

Nýtingin var yfir 75% á höfuðborgarsvæðinu tíu mánuði ársins 2016. Á Suðurnesjunum var nýtingin yfir 75% fimm mánuði árið 2016. Nýtingin var mest utan höfuðborgarsvæðis í júlí og ágúst. Nýtingin fór niður fyrir 25% nokkra mánuði að vetri til utan höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja árið 2015.

	Höfuðb.sv.		Suðurnes		Vesturland Vestfirðir		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	'15	'16	'15	'16	'15	'16	'15	'16	'15	'16	'15	'16
J	73	72	37	40	25	16	18	17	6	7	20	24
F	88	92	60	59	32	31	26	27	12	13	39	49
M	85	89	62	67	32	37	25	35	20	16	45	56
A	70	73	55	55	26	34	30	49	20	26	33	43
M	75	79	72	51	43	45	41	45	37	40	45	53
J	81	88	84	86	72	74	64	70	70	73	72	74
J	90	94	88	98	87	87	79	88	90	84	90	89
Á	86	93	82	97	76	82	76	89	87	84	82	87
S	74	85	70	93	55	61	55	72	51	58	59	66
O	77	86	61	87	34	36	32	47	26	26	48	62
N	76	91	44	74	24	35	24	27	12	14	32	48
D	66	85	39	66	13	22	14	16	7	8	26	50
Allt	78	86	63	73	43	47	40	49	37	38	49	59

>75% nýting 50-74% nýting 25-49% nýting <24% nýting

Heimild: Hagstofa Íslands.

GISTINÆTUR EFTIR TEGUND GISTINGAR


GISTINÆTUR Á HÓTELUM OG GISTIHEIMILUM

Árið 2016 var heildarfjöldi gistinóttanna á hótélum og gistiheimilum um 5,1 milljón eða 25,8% fleiri en 2015. Gistinætur útlendinga voru 88,4% af heildarfjölda 2016 og báru þær uppi 90,4% aukningu gistinóttanna sem varð milli ára 2015-2016.

	2015		2016		Breyting milli ára 2015-16
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Útlendingar	3.613.046	87,9%	4.571.713	88,4%	26,5%
Íslendingar	495.844	12,1%	598.019	11,6%	20,6%
Samtals	4.108.890	100%	5.169.732	100%	25,8%

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði alla mánuði ársins 2016 í samanburði við árið á undan. Hlutfallsleg dreifing gistinóttanna eftir árstíma árið 2016 var með þeim hætti að 38% gistinóttanna var eytt að sumri, 31% að vori og hausti og 31% að vetri.


GISTINÆTUR Á HÓTELUM OG GISTIHEIMILUM 2016/15 ('000)



Nánari upplýsingar um gistinætur má finna á [vef Hagstofunnar](#).

Gistinætur 20 þjóðerna voru 94% af heildargistinóttum á hótélum og gistiheimilum árið 2016. Langflestar gistinætur á hótélum og gistiheimilum áttu Bandaríkjamenn, Bretar, Þjóðverjar og Íslendingar eða 67,4% af heild.

GISTINÆTUR Á HÓTELUM OG GISTIHEIMILUM EFTIR ÞJÓÐERNI ('000)



ÖNNUR GISTING ('000)

Skráðar gistinætur í annari tegund gistingar en hótélum og gistiheimilum voru 2,6 milljónir talsins árið 2016, 8,7% fleiri en 2015. Flestum var eytt á tjaldsvæðum (35,5%), í íbúðagistingu (21,0%) og farfuglaheimilum (18,5%). Gistinætur útlendinga voru 83,1% af heildarfjölda í annari gistingu, 10% fleiri en árið 2015 og var mestur vöxtur í gistinóttum útlendinga á tjaldsvæðum.

	Útlendingar		Íslendingar		Alls	
	2015	2016	2015	2016	2015	2016
Tjaldsvæði	534	665	258	272	792	937
Íbúðagisting	482	525	20	29	502	554
Farfuglaheimili	440	456	38	32	478	488
Orlofshúsabyggðir	223	246	42	61	265	306
Heimaging	206	229	27	20	233	250
Skálar/svefnp.g.	63	71	27	33	90	104
Samtals	1.993	2.192	435	447	2.427	2.639

Heimild: Hagstofa Íslands.


ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI 2015 - 2016

Ferðamálastofa fékk Maskínu til að framkvæma netkönnun meðal erlendra ferðamanna á tímabilinu október 2015 til ágúst 2016 sem byggði á netföngum safnað á Keflavíkflugvelli. Endanlegt úrtak var 9.286 manns og náðist um 45% svarhlutfall. Við úrvinnslu könnunar var tímabilinu skipt í vetur (okt.-maí) og sumar (júní- ágúst). Niðurstöður voru keyrðar eftir níu bakgrunnsbreytum; kyni, aldri, tekjum, starfi, menntun, þjóðerni, búsetu, tegund ferðar og tilgangi ferðar.

	VETUR	SUMAR
KYN SVARENDA		
Konur	65,6%	58,5%
Karlar	34,4%	41,5%
ALDUR SVARENDA (meðalaldur)		
34 ára og yngri	47,0%	51,7%
35-54 ára	33,4%	32,4%
55 ára og eldri	19,6%	15,9%
TEKJUR SVARENDA		
Lágar/undir meðallagi	16,3%	21,7%
Í meðallagi	42,8%	39,7%
Háar/yfir meðallagi	41,0%	38,7%
SVARENDUR EFTIR MÖRKUÐUM		
Norðurlönd	6,3%	6,4%
Bretland	19,6%	8,0%
Mið-/Suður Evrópa	17,8%	47,3%
Norður Ameríka	46,2%	31,3%
Annað	10,1%	7,0%
TEGUND FERÐAR		
Pakkaferð	19,9%	11,1%
Á eigin vegum	79,9%	89,0%
Ferð á vegum vinnu	2,1%	1,3%
Pakkaferð/ferð á eigin vegum	1,6%	1,3%
TILGANGUR FERÐAR		
Frí	91,4%	90,9%
Ráðstefna/fundur	1,6%	1,3%
Heimsókn til vina/ættingja	5,2%	5,1%
Viðburður á Íslandi	4,7%	5,9%
Viðskipti/vinna	2,2%	1,2%
Nám/rannsóknir	3,1%	2,1%



HVAÐAN KOM HUGMYNDIN AÐ ÍSLANDSFERÐ

Líkt og í fyrri könnunum Ferðamálastofu nefndu flestir svarenda náttúruna og landið þegar spurt var hvaðan hugmyndin að Íslandsferð kom. Margir nefndu vini og ættingja, netið, alþjóðlegt myndefni greinar um Ísland og fyrri heimsókn. Aðrir þættir höfðu minni áhrif.




HVENÆR KOM HUGMYNDIN AÐ FERÐ OG HVENÆR VAR HÚN BÓKUÐ

Um 54% ferðamanna að vetri og 21% að sumri fengu hugmyndina að Íslandsferð innan 6 mánuða. Tíminn frá bókun að brottför var skemmri en 6 mánuðir í 28% tilfella meðal ferðamanna að vetri og 54% tilfella að sumri.




ÁHRIFABÆTTIR Á ÁKVÖRÐUN AÐ FERÐAST TIL ÍSLANDS

Meirihluti vetrar og sumarsvarenda nefndi að náttúran hefði haft áhrif á ákvörðun um að ferðast til Íslands. Margir nefndu að þá hefði alltaf langað að heimsækja landið auk þess sem margir nefndu menningu og sögu. Hagstætt ferðatilboð var einkum nefnt af ferðamönnum að vetri til. Aðrir þættir komu hins vegar langt á eftir.




HVAÐAN VAR AFLAÐ UPPLÝSINGA UM ÍSLAND

Netið er helsta uppspretta upplýsinga um Ísland. Þegar spurt var sérstaklega um notkun samfélagsmiðla í aðdraganda ferðar eða meðan á ferðalagi um Ísland stóð kom í ljós að þeir eru nýttir í í miklum mæli til að senda einkaskilaboð, við skipulagningu ferðar og til að fá hugmyndir um ferðamöguleika sem og að senda stöðufærslu.




MEÐ HVERJUM VAR FERÐAST

Flestir ferðuðust til Íslands með maka sínum, vinum og fjölskyldu-meðlimum. Fáir ferðuðust með ferðahópi eða viðskiptafélögum.




FERÐAMÁTI Á ÍSLANDI

Hópfreiðar voru nýttar í miklum mæli að vetri til. Sama má segja um áætlunarfreiðar og bílaleigubíla, þó heldur fleiri hafi nýtt bílaleigubíla að sumri til en vetri.




DVALARLENGD Á ÍSLANDI

Erlendir ferðamenn dvöldu að jafnaði 10,3 nætur á Íslandi að sumri til og 6,8 nætur að vetri. Um 41% ferðamanna að sumri dvaldi sjö nætur eða skemur og um 42% að vetri fjórar nætur eða skemur.




GISTINÆTUR EFTIR LANDSHLUTUM

Um 63% gistinóttu ferðamanna að sumri var eytt á höfuðborgarsvæðinu en um 42% gistinóttu að vetri til.




HVAÐA AFBREYINGU VAR GREITT FYRIR Á ÍSLANDI

Ferðamenn að vetri líkt og að sumri höfðu einkum áhuga á afþreyingu tengdri náttúruupplifun, heilsu og vellíðan. Sundlaugarferð var sú afþreying sem flestir ferðamenn greiddu fyrir vetur og sumar. Mun fleiri fóru í ýmiss konar skoðunarferðir með leiðsögn að vetri til en fleiri fóru hins vegar í náttúrulaug, hvalaskoðun, báts- og hestaferðir að sumri til. Sumarferðamenn nýttu sér síðan söfn og sýningar í mun meira mæli. Fjölmarginir aðrir afþreyingamöguleikar voru nýttir.



HVAÐA LANDSVÆÐI OG STAÐIR HEIMSÓTT(IR)



FJÖLSÓTTIR FERÐAMANNASTAÐIR


Af 42 stöðum og svæðum sem spurt var um í könnun voru fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins á Suðvesturhorninu og Suðurlandi:

Eins og sjá má hér til hliðar var mikill munur á svörum ferðamanna sem komu að sumri til og að vetri til þegar spurt var um hvað þeim fyndist um fjölda ferðamanna á nokkrum áfangastöðum. Þannig töldu um 54% sumargesta ferðamenn of marga við Geysi og Gullfoss, um 40% töldu þá of marga á Jökulsárlóni og Þingvöllum og um þriðjungur að þeir væru of margir í Landmannalaugum, Reykjavík, í Mývatnssveit og við Dettifoss.

	Vetur	Sumar
Reykjanes	36,2%	39,8%
Bláa lónið	26,3%	23,4%
Reykjanesviti og nágr.	14,0%	18,1%
Reykjanesbær	15,7%	17,1%
Vesturland	29,0%	48,4%
Borgarfjörður	14,9%	23,0%
Húsafell/Reykholt	9,5%	18,2%
Snæfellsnesþjóðgarður	19,4%	36,0%
Stykkishólmur	8,8%	20,3%
Búðardalur/Dalir	5,8%	13,4%
Vestfirðir	8,4%	20,0%
Ísafjörður	3,9%	11,9%
Hólmavík/Strandir	3,8%	10,7%
Arnarfjörður/Dynjandi	2,8%	8,6%
Látrabjarg	1,6%	7,2%
Hornstrandir	1,2%	3,5%
Norðurland	17,3%	50,2%
Akureyri	14,5%	46,2%
Skagafjörður	6,4%	20,1%
Mývatnssveit	12,6%	45,3%
Húsavík	6,2%	33,3%
Hvammstangi/Hvítserkur	4,7%	14,3%
Ásbyrgi/Dettifoss	8,2%	40,1%
Melrakkaslétta/Þórshöfn	1,3%	4,2%


	Vetur	Sumar
Austurland	15,6%	44,8%
Egilsstaðir/Hallormsstaður	7,8%	31,8%
Djúpivogur	7,0%	18,9%
Borgarfjörður eystri	3,3%	13,4%
Eskifjörður	3,5%	15,6%
Seyðisfjörður	6,3%	28,0%
Neskaupsstaður/Norðfjörður	2,5%	8,3%
Stöðvarfjörður	4,0%	11,5%
Suðurland	55,0%	71,2%
Þingvellir	41,4%	56,8%
Geysir/Gullfoss	48,0%	62,6%
Vestmannaeyjar	2,7%	7,9%
Vík	41,5%	56,6%
Skógar	31,8%	48,6%
Eyrarbakki	8,7%	13,4%
Hornafjörður	9,3%	16,8%
Jökulsárlón	30,6%	50,2%
Skaftafell	27,7%	46,4%
Þórsörk	10,4%	25,8%
Hálandið	9,6%	29,6%
Landmannalaugar	2,4%	19,8%
Kjölur (þ.m.t.Hveravellir)	2,9%	9,4%
Sprengisandur	1,5%	4,7%
Kárahnjúkar	0,3%	1,4%
Herðubreiðalindir/Askja	0,7%	7,7%

FJÖLDI GESTA - HLUTFALL (%) SVARENDA SEM TALDI FERÐAMENN OF MARGA



MAT Á FERÐAÞJÓNUSTU


Í könnuninni eru svarendur beðnir um að meta 28 þætti í íslenskri ferðaþjónustu og gefa þeim einkunn á bilinu 0-10.



Þættir í tengslum við náttúru- og heilsutengda afþreyingu skoruðu hæst og þættir í tengslum fjölda ferðamanna, úrval veitingastaða, hreinlætisaðstöðu og ástand vega skoruðu lægst.

HVAÐ VAR MINNISSTÆÐAST ÚR ÍSLANDSFERÐINNI

Langflestir ferðamenn að vetri og sumri nefndu náttúrutengda þætti, einstaka staði eða afþreyingu tengda náttúru þegar þeir voru spurðir um það hvað þrennt þeim hefði þótt minnisstæðast við Íslandsferðina. Margir nefndu auk þess fólkið, gestrisni, mat og veitingahús.




HVAÐ MÆTTI BÆTA Í ÍSLENSKRU FERÐAÞJÓNUSTU (%)

Erlendir ferðamenn að vetri og sumri töldu að bæta mætti ýmislegt í tengslum við íslenska ferðaþjónustu og voru fjölmargir þættir nefndir í því sambandi s.s. ástand vega, takmörkun á fjölda ferðamanna, almenningssalerni, matarkostnaður, náttúruvernd, hátt verðlag og vegamerkingar.

	Vetur	Sumar
Ástand vega	10,3	18,6
Takmarka fjölda ferðamanna	7,1	16,9
Almenningssalerni	12,5	16,0
Matarkostnaður	8,2	13,4
Náttúruvernd	6,4	11,7
Mjög hátt verðlag	12,0	11,2
Tjaldsvæði	0,7	10,5
Vegamerkingar	12,7	9,1
Úrval ferða	6,9	7,6
Verð á gistingu	1,9	6,7
Úrval gistingu	2,1	6,7
Kort	2,0	6,4
Almenningssamgöngur	10,6	6,0
Henda rusli	0,9	5,0
Útsýnisstaðir/Útskot á vegum	2,6	4,5
Skilti við göngustíga og skipulag þeirra	0,9	4,5
Flugvöllur	3,4	4,3
Þjónusta og úrval matar/veitingastaða	7,7	3,8
Tilboð/Afsláttur	0,6	3,8
Gæði gistingu	1,8	3,3
Rútu-/Strætisvagnsamgöngur	2,2	2,9
Upplýsingar á öðrum tungumálum	2,8	2,9
Skipulag	-	2,6
Öryggi	2,0	2,6
Fjallgöngur	-	2,6
Aðgengi að upplýsingum	4,7	2,1
Kostnaður við samgöngur	-	2,1
Ókurteist fólk/starfsólk	2,5	2,1

ÁNÆGJA MEÐ ÍSLANDSFERÐ

Íslandsferðin stóðst væntingar um 95% svarenda að vetri og sumri. Um 90% vetrargesta og um 80% sumargesta töldu mjög líklegt eða frekar líklegt að þeir myndu ferðast aftur til Íslands.



Um 56% vetrargesta töldu líklegt að þeir myndu koma aftur að sumri, um 30% að vori eða hausti og um 14% að vetri til. Tæplega helmingur sumargesta taldi líklegt að hann kæmi aftur að sumri, um 30% að vori eða hausti og um fjórðungur að vetri.

NPS-STUÐULL (NET PROMOTER SCORE)

Út frá niðurstöðum könnunar var reiknaður NPS stuðull fyrir Ísland sem ferðamannaland. Um er að ræða mælikvarða sem er víða notaður til að segja til um mismun á hlutfalli þeirra sem eru tilbúnir að mæla með t.d. ferðamannalandi, fyrirtæki eða vöru og hlutfalli þeirra sem eru líklegri til að mæla gegn þáttum.

NPS stuðullinn mældist 80,7 stig meðal vetrarsvarenda og 71,6 stig meðal sumarsvarenda.

Könnunin samanstendur af spurningum um aðdraganda að Íslandsferð, ferðahegðun, útgjöld, eyðsluhætti og viðhorf ferðamanna til ýmissa þátta íslenskrar ferðaþjónustu og má nálgast hana á [vef Ferðamálastofu](#).

FERÐALÖG ÍSLENDINGA 2016/2015/2014


Ferðamálastofa hefur um árabíl látið framkvæma kannanir meðal Íslendinga um ferðalög þeirra innanlands og utan. Könnun frá því í janúar árið 2017 byggði á 1.370 manna úrtaki sem valið var handa-hófskennt úr 18.000 einstaklinga álitshópi MMR sem valinn var með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Svarhlutfallið var 66,4%. Niðurstöður voru unnar eftir nokkrum bakgrunnsbreytum; kyni, aldri, búsetu, menntun, starfi, heimilistekjum og dvalarlengd.

KYN SVARENDA	2014	2015	2016
Konur	47%	49%	49%
Karlar	53%	51%	51%
ALDUR SVARENDA			
18-39 ára	47%	44%	44%
40-59 ára	40%	36%	36%
60-80 ára	13%	19%	19%
SVARENDUR EFTIR BÚSETU			
Höfuðborgarsvæðið	62%	64%	64%
Nærsveitir höfuðborgarsvæðis	14%	12%	12%
Landið	24%	24%	25%
HEIMILISTEKJUR			
Undir 249 þúsund	14%	12%	8%
250-399 þúsund	17%	15%	14%
400-599 þúsund	21%	21%	22%
600-799 þúsund	17%	17%	16%
800 þúsund og hærri	31%	35%	40%
STARF			
Stjórnendur/sérfræðingar	28%	29%	27%
Tæknar/skrifstofufólk	13%	14%	17%
Þjónustu-/afgreiðslufólk	12%	15%	12%
Iðnaðarmenn/sérhæfðir í iðnaði	8%	9%	8%
Véla-/verkfólk/sjómenn/bændur	9%	8%	12%
Námsmenn	15%	11%	10%
Ekki útvinnandi	15%	14%	14%

FERÐALÖG INNANLANDS OG UTAN

Um 84% svarenda ferðuðust innanlands árið 2016, aðeins færri en 2014 og 2015. Fleiri fóru hins vegar til útlanda á árinu 2016 en árin á undan eða 77% en 67% ferðuðust utan 2014 og 71% 2015.


VAR FERÐAST INNANLANDS EDA UTAN



FJÖLDI FERÐA

Þeir sem fóru í utanlandsferð 2017 fóru að jafnaði 2,5 ferðir, álíka margar og 2014 og 2015. Þeir sem fóru í dagsferð fóru jafnframt álíka margar dagsferðir eða um fimm talsins. Þeir sem fóru í ferðalag innanlands fjarri heimili þar sem gist var a.m.k. eina nótt fóru að jafnaði 5,9 ferðir, nokkuð færri en árið 2014.

MEÐALFJÖLDI FERÐA




- UTANLANDSFERÐIR

FJÖLDI FERÐA OG DVALARLENGD


Um 77% svarenda fóru í utanlandsferð árið 2016 og fóru þeir að jafnaði 2,5 ferðir. Flestir eða 35% fóru í eina ferð, 31% tvær ferðir, 17% þrjár ferðir og 18% fjórar ferðir eða fleiri ferðir.

HVERSU MARGAR UTANLANDSFERÐIR VORU FARNAR



Meðaldvalarlengd á ferðalögum í útlöndum var 18,8 nætur¹ á árinu 2016, ríflega einni nótt lengur en 2014 og 2015. Um 17% dvöldu á bilinu eina til sex nætur, tæplega fjórðungur sjö til þrettán nætur, ríflega fjórðungur tvær til þrjár vikur og tæplega þriðjungur meira en þrjár vikur.

HVERSU MARGAR NÆTUR VAR GIST Í ÚTLÖNDUM




¹Þeir sem dvöldu lengur en 100 nætur voru ekki teknir með í úrvinnslu.

HVERS KONAR FERÐ VAR FARIN OG HVERT


Flestir fóru í borgarferð utan árið 2016, í heimsókn til vina eða ættingja, sólarlandaferð og í vinnutengda ferð.

Í HVERS KONAR UTANLANDSFERÐ VAR FARIN



Ferðalög Íslendinga utan árið 2016 voru að stærstum hluta bundin við Spán, Portúgal, Bretlandseyjar, Bandaríkin, Kanada, Skandinavíu, Þýskaland og Frakkland.


TIL HVAÐA LANDA VAR FERÐAST



- DAGSFERÐIR INNANLANDS¹

Um 63% fóru í dagsferð árið 2016 og fóru þeir að jafnaði 5,1 ferð. Um fjórðungur fór í eina til þrjár ferðir, um 12% fjórar til fimm ferðir og tæplega fjórðungur sex ferðir eða fleiri.

HVERSU MARGAR DAGSFERÐIR VORU FARNAR



Flestir fóru í dagsferð á Suðurlandið en þar á eftir fylgdu dagsferðir á Vesturland, Höfuðborgarsvæðið, Reykjanes og Norðurland.

HVERT VAR FARIÐ Í DAGSFERÐ 2016


	Dagsferð	Meðalfjöldi ferða	Hlutdeild dagsferða
Suðurland	59%	4,6	33%
Vesturland	33%	3,2	13%
Höfuðborgarsvæði	25%	6,4	19%
Reykjanes	24%	2,6	8%
Norðurland	22%	5,9	16%
Austurland	7%	7,9	7%
Vestfirðir	7%	3,7	3%
Hálendið	5%	2,5	1%

¹Skemmtiferð a.m.k. 5 klst. löng út fyrir heimabyggð án þess að gíst væri yfir nótt.

HEIMSÓTT(IR) SVÆÐI/STAÐIR

Af þeim 56 svæðum eða stöðum sem spurt var um vítt og breitt um landið voru eftirfarandi oftast heimsótt(ir) árið 2015 í dagsferðum.

HVAÐA STAÐIR VORU HEIMSÓTTIR Í DAGSFERÐUM




- FERÐALÖG INNANLANDS¹

DVALARLENGD Á ÍSLANDI


Um 87% ferðuðust innanlands árið 2015 og fóru þeir að jafnaði sex ferðir. Ríflega þriðjungur fór eina til tvær ferðir, ríflega þriðjungur þrjár til fimm og tæplega þriðjungur sex eða fleiri ferðir.

HVERSU MÖRG FERÐALÖG VAR FARIÐ Í



Júlímánuður var sem fyrr vinsælastur til ferðalaga 2016. Fast á eftir fylgdu ferðalög í ágúst og júní. Færri ferðuðust aðra mánuði.


Í HVADA MÁNUÐI VAR FARIÐ Í FERÐALAG



¹Ferðalag fjarri heimili þar sem gist var eina nótt eða lengur.

GISTINÆTUR EFTIR LANDSHLUTUM

Dvalarlengd var 14,5 nætur að jafnaði 2016 eða svipuð og árið 2015. Um 30% dvöldu innan við viku, um 31% eina til tvær vikur, um 19% 2-3 og 20% meira en 3 vikur. Niðurstöður um dvalarlengd eftir landshlutum gefa til kynna að um helmingi gistinótta hafi verið eytt á Suðurlandi og Norðurlandi 2015 en um svipaðar niðurstöður er að ræða og fyrir ferðaárið 2015.




GISTIADSTAÐA

Flestir gistu hjá vinum eða ættingjum, í tjaldi, fellihýsi eða húsbíl og í orlofshúsum eða íbúð félagasamtaka. Gisting í sumarhúsum og íbúð félagasamtaka eða á hótélum og gistiheimilum var auk þess mikið nýtt. Önnur gisting var notuð í minna mæli.

HVADA GISTIADSTAÐA VAR NÝTT Á FERÐALÖGUM



HVAÐA LANDSVÆÐI OG STAÐIR HEIMSÓTT(IR)



FJÖLSÓTTIR FERÐAMANNASTAÐIR

Af 56 stöðum og svæðum sem spurt var sérstaklega um í könnun heimsóttu flestir eftirfarandi staði eða svæði:

1. Akureyri	38%
2. Höfuðborgarsvæðið	27%
3. Borgarnes	21%
4. Egilsstaðir/Hallormsstaður	15%
5. Húsafell/Reykholt	14%
6. Þingvellir	14%
7. Geysir/Gullfoss	14%
8. Skagafjörður	14%
9. Stykkishólmur	13%
10. Siglufjörður	12%
11. Mývatnssveit	12%
12. Hvalfjörður	12%


	2015	2016
Reykjanes	11%	14%
Reykjanesbær	8%	9%
Grindavík	5%	5%
Sandgerði	3%	2%
Reykjanesviti og nágr.	2%	2%
Krísuvík	2%	2%
Bláa lónið	2%	1%
Vesturland	46%	46%
Borgarnes	20%	21%
Húsafell/Reykholt	14%	14%
Stykkishólmur	11%	13%
Snæfellsnesþjóðgarður	12%	11%
Hvalfjörður	10%	12%
Dalir	8%	8%
Akranes	8%	7%
Vestfirðir	20%	20%
Ísafjörður	10%	10%
Hólmavík/Strandir	7%	7%
Patreksfjörður	6%	6%
Djúpavík	2%	3%
Hrafnseyri	3%	2%
Látrabjarg	3%	2%
Hornstrandir	2%	2%
Flatey á Breiðafirði	1%	2%
Norðurland	52%	55%
Akureyri	35%	38%
Skagafjörður	15%	14%
Siglufjörður	12%	12%
Mývatnssveit	10%	12%
Húsavík	9%	10%
Hvammstangi	6%	7%
Ásbyrgi	5%	5%
Dettifoss	5%	3%
Þórshöfn	3%	3%

	2015	2016
Austurland	22%	23%
Egilsstaðir/Hallormsstaður	13%	15%
Seyðisfjörður	4%	6%
Djúpivogur	5%	5%
Borgarfjörður eystri	5%	4%
Eskifjörður	5%	4%
Stöðvarfjörður	3%	3%
Vopnafjörður	3%	2%
Suðurland	62%	58%
Þingvellir	18%	14%
Geysir/Gullfoss	17%	14%
Vík	9%	11%
Kirkjubæjarklaustur	10%	9%
Vestmannaeyjar	10%	9%
Skógar	9%	8%
Hornafjörður	8%	8%
Jökulsárlón	6%	7%
Eyrbakki	8%	6%
Skaftafell	6%	5%
Þórsmörk	3%	4%
Hálendið	10%	8%
Landmannalaugar	3%	3%
Kjölur (þ.m.t.Hveravellir)	2%	3%
Sprengisandur	2%	2%
Herðubreiðalindir/Askja	1%	2%
Kárahnjúkar	1%	1%
Kverkfjöll	0%	1%
Lakagígar	0%	0%

AFÞREYING

Af afþreyingu sem greitt var fyrir á ferðalögum árið 2016 nýttu margir sundlaugar/jarðböð, söfn/sýningar, tónleika/leikhús, veiði og golf. Spurt var sérstaklega um tónlistar/bæjarhátíðir í könnuninni 2017 en 12% söguðust hafa greitt fyrir þær, hið sama á við skíðaferðir en 8% greiddu fyrir þær. Önnur afþreying var nýtt í minna mæli s.s. dekur og heilsurækt og skoðunarferðir ýmiss konar s.s. hvalaskoðun, hestaferðir og jöklaferðir. Um 34% greiddu ekki fyrir afþreyingu.


HVAÐA AFÞREYINGU VAR GREITT FYRIR Á FERÐALÖGUM



GÆÐAVITUND

Ríflega þriðjungur svarenda í könnuninni 2017 og 2016 var á því að það hefði mikil áhrif á val á ferðaþjónustufyrirtæki að það hefði fengið viðurkennd gæða-/umhverfisviðmið eða mun hærra hlutfall svarenda en árið 2014.


ÁHRIF GÆÐA- OG UMHVERFISÚTTEKTA



ÁFORM ÍSLENDINGA UM FERÐALÖG

Um 90% hafa áform um ferðalög á árinu 2016. Þannig ætla um 58% að fara í sumarbústaðarferð innanlands, um 51% í heimsókn til vina eða ættingja, 42% í borgarferð erlendis, 32% í ferð innanlands með vínahópi, 28% í sólarlandaferð, 28% í borgar- eða bæjarferð innanlands, 18% í útivistarferð innanlands af einhverju tagi en 24% ætla einfaldlega að elta góða veðrið. Um 11% hafa engin áform um ferðalög.

HVERS KONAR FERÐALÖG ERU FYRIRHUGUÐ 2017




- HUGLÆGT MAT

ÁHRIF FERÐAÞJÓNUSTU OG FERÐAMANNA

Flestir svarendur í könnuninni 2017 eða 79% voru á því að álag ferðamanna á íslenska náttúru væri of mikið en þeim hefur fjölgað ár frá ári sem hafa þá skoðun skv. könnunum, voru 63% 2014, 66% 2015 og 76% 2016. Tæpur helmingur var á því að ferðamenn hefðu aukið áhuga Íslendinga á náttúru landsins, færri en áður. Ríflega þriðjungur svarenda taldi að ferðaðþjónusta hefði leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér sem er nokkuð lægra hlutfall en fyrri kannanir sýna. Rúmlega helmingur svarenda var á því að ferðaðþjónusta hefði skapað eftirsóknarverð störf í þeirra heimabyggð en það hlutfall virðist fara lækandi en um 59% voru sammála þessari fullyrðingu árið 2014 og 56% árið 2015 og 2016. Um 40% voru sammála þeirri fullyrðingu að ferðamenn hefðu aukið áhuga Íslendinga á eigin menningu sem er mun lægra hlutfall en hefur mælst í fyrri könnunum.


VIÐHORF TIL FERÐAMANNA OG FERÐAÞJÓNUSTU -þeir sem voru sammála fullyrðingum (%)



FJÖLDI FERÐAMANNA

Þegar svarendur voru spurðir út í hvað þeim fyndist um fjölda ferðamanna sögðust 71% ferðamenn heldur eða allt of marga að sumri en um þriðjungur að vetri. Ríflega helmingur taldi að fjöldinn væri hæfilegur að vetri og um fjórðungur að hann væri hæfilegur að sumri. Einungis 3%, töldu ferðamenn vera of fáa að sumralagi en 13% töldu ferðamenn að vetrarlagi vera of fáa. Sama spurning var lögð fyrir í könnun sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi fyrir Ferðamálastofu meðal Íslendinga í árslok 2014 en niðurstöður voru þar nokkuð frábrugðnar. Þá fannst 2% að ferðamenn að sumri væru of margir en einungis 3% að ferðamenn að vetri væru of margir.

HVAÐ FANNST ÞÉR UM FJÖLDA FERÐAMANNA



Könnun meðal Íslendinga má nálgast á [vef Ferðamálastofu](#).